

VLR-007	Verklagsreglur fulltrúa stúdenta í nefndum, ráðum og innan stjórnsýslu HA.	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglurnar gilda um hlutverk, ábyrgð og samráð þeirra aðila sem sitja sem fulltrúar stúdenta í nefndum, ráðum og stjórnnum innan háskólans. Einnig gilda verklagsreglurnar um hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs SHA gagnvart þeim aðilum.

2. gr.

Hlutverk og starfshættir fulltrúa stúdenta

Stúdentar eiga rétt á fulltrúa í ýmsum ráðum, nefndum og stjórnnum innan HA, sem og fulltrúa á fundum deilda, fræðasviða og á Háskólafundi.

Gæðaráð

Háskólaráð

Jafnréttisráð

Vísindaráð

Umhverfisiráð

Stjórn FÉSTA

Stjórn Góðvina

Háskólafundur

Fræðasviðsfundir

Stjórn fræðasviða

Deildarfundir

Deildarráð (ef starfandi)

Náms- og matsnefndir deilda

VLR-007	Verklagsreglur fulltrúa stúdenta í nefndum, ráðum og innan stjórnsýslu HA.	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

Nýkjörnir fulltrúar taka sæti sitt í ráðum, nefndum og öðrum fundum í byrjun nýs skólaárs sama ár og þeir hljóta kjör, og sitja út skólaárið. Fráfarandi fulltrúar skulu nýta tímabilið frá stjórnarskiptum fram að upphafi nýs skólaárs til að setja nýkjörna fulltrúa inn í störf sín, þau mál sem eru til meðferðar og helstu verklagshætti.

Hlutverk fulltrúa stúdenta er fyrst og fremst að standa vörð um hagsmuni stúdenta og halda á lofti sjónarmiðum og athugasemdum stúdenta hverju sinni. Mikilvægt er að fulltrúar stúdenta séu búnir að kynna sér öll þau gögn sem við koma þeim málum sem eru til umræðu á fundum sem þeir sitja og myndi sér skoðun á ágreiningsmálum með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

Fulltrúum ber að skrifa fundargerðir á hverjum fundi og skila þeim, ásamt öðrum gögnum sem mikilvæg eru hagsmunum stúdenta, inn á Teams-svæði fulltrúa stúdenta eins fljótt og auðið er. Fulltrúum ber að upplýsa stúdentaráð um mál er varða stúdenta sérstaklega sem upp gætu komið á þeim fundum sem fulltrúar sitja. Skulu fulltrúar leita til forseta/formanns síns aðildarfélags sem tengiliðs við stúdentaráð. Eins hafa fulltrúar stúdenta í stjórnnum, nefndum og ráðum innan háskólans áheyrnar- og tillögurétt á stúdentaráðsfundum.

3. gr.

Hlutverk framkvæmdastjórnar og verkefnisstjóra námssamfélags

Fulltrúar og framkvæmdastjórn sitja í upphafi starfsárs fund með verkefnastjóra námssamfélags þar sem farið er yfir hlutverk fulltrúa og upplýsingaskyldu. Verkefnisstjóri boðar til þess fundar innan þriggja vikna frá aðalfundi SHA. Heimilt er að bjóða fleirum til fundar sé þess þörf. Verkefnastjóri námssamfélags skal vera fulltrúum stúdenta innan handar er varðar upplýsingar um hlutverk þeirra og skyldur yfir starfsárið.

VLR-007	Verklagsreglur fulltrúa stúdenta í nefndum, ráðum og innan stjórnsýslu HA.	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

4. gr.

Trúnaðar- og þagnarskylda

Á öllum þeim sem sinna trúnaðarstörfum sem fulltrúar stúdenta hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og annað sem þeir fá vitneskju um við störf sín og leynt skal fara skv. lögum, eðli máls eða ákvörðun stúdentaráðs. Þagnarskylda gildir jafnframt eftir að hlutverki aðila sem fulltrúa stúdenta er lokið. Þegar fulltrúi hættir störfum skal hann sjá til þess að gögn, sem hann hefur mótttekið í sambandi við störf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Allir þeir aðilar sem sinna trúnaðarstörfum fyrir SHA skulu undirrita „YFL-001 Trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsing“ við upphaf starfa fyrir félagið.

5. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstörfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.